

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2008

frá 25. apríl 2008

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2008 frá 14. mars 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta liðar 21am (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/156/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„**32007 D 0589**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB frá 18. júlí 2007 um að setja viðmiðunarreglur um vöktun á losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf um losunina samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2007/589/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. apríl 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB **L 182, 10.7.2008, bls. 34**, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 229, 31.8.2007, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. apríl 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.